

Bókun 4

Félag háskólakennara er ekki aðili að Starfsþróunarsetri háskólamanna. Aðilar meta það engu að síður svo að starfsvettvangur innan Háskólans sé það krefjandi að ástæða sé til að fara aðra leið til reynslu með starfsþróunarframlag til félagsmanna Félags háskólakennara. Því hefur orðið að samkomulagi að komið verði á fót Starfsþróunarsjóði Félags háskólakennara (SFH). Stjórn hans verði skipuð fulltrúum FH og HÍ, tveir frá hvorum.

Aðilar eru ásáttir um að stuðla þurfi að frekari samhæfingu við aðra sambærilega sjóði innan háskólanna. Markmiðið er að koma á breyttu fyrirkomulagi með heildstæðari aðferðafræði en nú er. Sú vinna verður unnin sameiginlega af félögum og háskólum og skal henni lokið fyrir árslok 2017.

Framlag til stofnunar sjóðsins verður í formi eingreiðslna sem hér segir:

1.06.2016 22.000.000 kr.

1.06.2017 22.000.000 kr.

Samningsaðilar munu meta fyrir árslok 2017 hvernig hefur til tekist og þá grípa til þeirra aðgerða sem ráðlegar þykja. Náist samkomulag um samhæfingu við aðra sambærilega sjóði eða annað fyrirkomulag sem aðilar sættast á mun framlagið skv. bókun þessari verða jafnt og hjá Starfsþróunarsetri háskólamanna frá og með 2018. Að öðrum kosti verði framlagið 2018 eingreiðsla sem hér segir:

1.06.2018 22.000.000 kr.